



## **SÝNING, PÖKKUN OG GEYMSLA TEXTÍLA Á SÖFNUM**



## **Sýning, pökkun og geymsla textíla á söfnum.**

© Þórdís Anna Baldursdóttir 2015

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis höfundar.

forvarslan@gmail.com

Styrkt af safnsjóði 2013 og 2014.

Þakkir:

Yfirllestur:

Gerður Eygló Róbertsdóttir, verkefnisstjóri munavörslu, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Guðrún Alda Gísladóttir, fornleifafræðingur, Fornleifastofnun Íslands og Byggðasafninu í Skógum.

Karen Þóra Sigurkarlsdóttir, forvörður, Þjóðskjalasafni Íslands.

Kristín Gísladóttir, forvörður.

Nanna Hrund Eggertsdóttir, textílhönnuður og kennari.

Leyfi til að birta myndir:

Byggðasafnið í Skógum. Blaðsíða: 10 og 22.

Fornleifastofnun Íslands. Blaðsíða: 11 og 41.

Guðrún Egilsson. Blaðsíða: 14 og 15.

Heimilisiðnaðarsafnið. Forsíða og blaðsíða: 11.

Listasafn Kópavogs-Gerðarsafn. Blaðsíða: 39.

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	6
<b>1. Textílefni</b> .....	7-8
<b>2. Textílar á íslenskum söfnum</b>	
2.1 Búningar og klæðnaður.....	9
2.2 Handverk.....	9
2.3 Hönnun.....	9-10
2.4 Húsgögn.....	10
2.5 Myndlist.....	10
2.6 Kirkjugripir.....	11
2.7 Jarðfundnir textílar-forngripir.....	11
<b>3. Efni notuð við uppsetningu og pökkun textíla</b> .....	12-13
<b>4. Sýning textíla</b>	
4.1.1 Húsnæði.....	14
4.1.2 Umhverfi.....	14-16
4.1.3 Sýningarskápar og hirslur.....	16-17
4.1.4 Merkingar.....	17
4.1.5 Uppsetning sýninga.....	17-18
4.2.1 Búningar og klæðnaður.....	19-22
4.2.2 Handverk.....	22-24
4.2.3 Hönnun.....	24
4.2.4 Húsgögn.....	24-25
4.2.5 Myndlist.....	25

4.2.6 Kirkjugripir.....26-27

4.2.7 Jarðfundnir textílar-forngripir.....27

## **5. Geymsla og pökkun textíla**

5.1.1 Húsnæði.....28

5.1.2 Umhverfi.....28-29

5.1.3 Hirslur.....29

5.1.4 Meðhöndlun.....29-30

5.1.5 Merkingar.....30-31

5.1.6 Pökkun í kassa.....31-32

5.2.1 Búningar og klæðnaður.....33-37

5.2.2 Handverk.....37-38

5.2.3 Hönnun.....38

5.2.4 Húsgögn.....38-39

5.2.5 Myndlist.....39-40

5.2.6 Kirkjugripir.....40

5.2.7 Jarðfundnir textílar-forngripir.....40-42

**6. Efni til varðveislu og sýningu textíla.....43-46**

**7. Heimildaskrá.....47-48**

## **Inngangur.**

Textílar eru mjög viðkvæmir fyrir rangri meðhöndlun, uppsetningu og pökkun. Þeir geta skemmst á tiltölulega stuttum tíma til dæmis upplitast, afmyndast varanlega eða rifnað. Hér verður fjallað um aðferðir og efnisval við uppsetningu textíla á sýningum og einnig um pökkun og varðveislu þeirra í safngeymslum.

Forvarsla er ýmist styrkjandi eða fyrirbyggjandi. Styrkjandi forvarsla felur í sér alla meðferð á gripnum sjálfum og á að vera framkvæmd af forverði. Fleiri geta sinnt fyrirbyggjandi forvörslu á söfnum með viðeigandi þjálfun og ráðgjöf. Starfsmenn og tæknifólk geta til dæmis útbúið form og gínur fyrir sýningar og pakkað og gengið frá safngripum til varðveislu í geymslu.

Leiðbeiningarnar eru sniðnar að íslenskum söfnum, fjallað er sérstaklega um textíla sem víða má finna á sýningum og í safngeymslum hérlendis: Búninga, handverk, hönnun, húsgögn, myndlist, kirkjugripi og jarðfundna textíla.

## 1. TEXTÍLEFNI.

Textílar eru gerðir úr lífrænum eða ólífrænum efnum eða blöndu af hvoru tveggja.

Algengustu textílefni á söfnum hérlendis eru:



**Ull** - spunnin úr dýrahárum oftast af sauðkind. Ull nýtur sérstöðu þar sem mikið af henni er innlend en önnur textílefni á söfnum eru nær undantekningarlaust innflutt. Ull er mikið notuð í fatnað, áklæði og ábreiður.

**Bómull** - tínd af bómullarplöntunni, unnin og spunnin í þráð. Bómull er mest notaða textílefnið í heiminum í dag. Á söfnum er bómull algeng í fatnaði, dúkum, útsaumsgarni og fleiru.

**Silki** - fengið úr púpu silkiormsins. Púpan er gerð úr einum samfelldum þræði, silki er ýmist villt eða ræktað. Á íslenskum söfnum er frekar lítið

af gripum úr silki en það er viðkvæmt og getur verið mjög vandasamt að varðveita. Silki finnst hér til dæmis í fatnaði og útsaumsgarni.

**Hör** - unninn úr stráum hörplöntunnar, líkist bómull. Hör er algengur í dúkum og öðru útsaumsklæði, einnig notaður í fatnað.

**Viskós** - manngert efni, unnið úr lífrænum efnum. Fyrst framleitt 1885 og þá kallað gervisilki, elstu viskósefnin eru sérstaklega viðkvæm og geta leystst upp í vatnsbaði. Viskós er oftast notað í fataefni eitt og sér eða með öðrum efnum.

**Nælon** - gerviefni fyrst búið til 1934. Á söfnum er nælon algengast í fataefnum og áklæði, oft blandað við önnur efni til dæmis ull.

**Polyester** - algengasta gerviefnið í dag, fyrst búið til 1941. Polyester er notað eitt eða blandað við önnur efni til dæmis ull og bómull, mikið notað í fatnaði og áklæði.

**Akrýl** - gerviefni, þróað á 5. áratugnum, líkist ull. Finnst bæði í þrjónagarni og ofnu klæði til dæmis í fatnaði og húsgagnaáklæði.

Önnur efni en textíll eru oft hluti af textílgripum til dæmis málmur, viður, gúmmí eða gerviefni. Rennilásar, smellur, tölur og teygjur eru algeng á fatnaði. Viður, svampur, gormar og naglar eru yfirleitt til staðar á bólstruðum húsgögnum. Málmþráður, pallíettur eða gerviperlur skreyta stundum útsaum. Þessi efni varðveitast yfirleitt öðruvísi en textíllinn, þau geta eyðilagst fyrr og jafnvel skemmt út frá sér.



## 2. TEXTÍLAR Á ÍSLENSKUM SÖFNUM.

### 2.1 Klæðnaður og búningar.

Þjóðbúningar eru til á mjög mörgum söfnum, bæði samstæðir búningar og stakar flíkur. Dæmi um annan fatnað sem safnað hefur verið er þrjónaður ullarklæðnaður, sparifatnaður ýmis konar, einkennisbúningar og föt tengd ákveðnum persónum.



### 2.2 Handverk.

Útsaumur er mjög algengur, bæði skrautmunir og nytjamunir. Saumað hefur verið í klæði úr bómul, hör, ull eða silki og má nefna myndir, ábreiður, áklæði, veggteppi, púða, dúka, fatnað, stóla, borðplötur og sófa. Vefnaður er varðveittur víða til dæmis ábreiður og áklæði. Þrjón, hekl og blúndur má finna á dúkum og teppum.

### 2.3 Hönnun.

Íslensk og erlend textíl- og fatahönnun er varðveitt á Hönnunarsafni Íslands, Iðnaðarsafninu á Akureyri og á ýmsum minja- og byggðasöfnum. Fatnaður, ábreiður og teppi er meðal þess sem safnað

hefur verið. Leiktjalda- og búningahönnun er geymd á Leikminjasafni Íslands og fleiri söfnum.



#### **2.4 Húsgögn.**

Á mörgum söfnum eru til húsgögn bólstruð með textíláklæði. Bæði eru varðveitt innflutt húsgögn og íslensk framleiðsla og hönnun. Áklæðið getur verið úr ýmsum efnum en ullarblöndur eru algengar.

#### **2.5 Myndlist.**

Myndlist gerð úr textílefnum er varðveitt á listasöfnum og sumum byggða- og minjasöfnum. Meðal aðferða er myndvefnaður, þrykk, prjón og útsaumur. Verkin eru ýmist tví- eða þrívíð og oft gerð með blandaðri tækni.



## **2.6 Kirkjugripir.**

Hökklar, hempur, altarisklæði og aðrir kirkjugripir eru til víða á byggða- og minjasöfnum. Oft eru safngripirnir gerðir úr innfluttu efni til dæmis flaueli sem hefur verið sniðið og saumað héraendis og skreytt útsaumi, borðum, kögri og fleiru.



## **2.7 Jarðfundnir textílar - forngríp.**

Hér á landi hefur fundist mikið af textíl í jörð, mjög mikið magn af efnisbútum en minna af heillegum gripum. Mikill merirhluti jarðfundinna textíla héraendis er úr ull, vefnaður er algengastur en nokkuð hefur einnig fundist af þrónuðum gripum. Textílnir eru varðveittir á Þjóminjasafni Íslands og á öðrum minjasöfnum.

### 3. EFNI NOTUÐ TIL UPPSETNINGAR OG PÖKKUNAR TEXTÍLA.

Hér er gerð grein fyrir þeim efnum sem notuð eru við sýningu og varðveislu textíla og fjallað er um í köflunum hér á eftir. Notuð eru þau heiti sem safnastarfsmenn og forverðir héraendis nota yfirleitt um efnin, í sumum tilfellum nöfn vörumerkja. Á blaðsíðum 43-46, kafla 6, *Efni til varðveislu og sýningu textíla*, eru upplýsingar um hvar nálgast má efnin.

**Álpappír** - Fáanlegur á rúllum í mismunandi breidd og lengd.

**Bendlabönd** - Ofin bómullarbönd, best er að nota bönd úr óbleikjaðri og ólitaðri bómull.

**Bómullarefni** - Gott er að nota þéttofið efni með mjúkri áferð.  
Best er að nota efni sem er óbleikjað og ólitað.

**Bómullarvatt** - Þykkt vatt, til í mismunandi breiddum, lengd fáanleg í metratali, má ekki innihalda nein aukaefni.

**Correx** - Polyethylene, polypropylene plötur, selt í stórum einingum sem sníða má til og skera niður.

**Franskur rennilás** - Grófur og fínn borði í mismunandi breiddum, lengd í metratali, notið ekki tegund sem er með sjálflímandi borða.

**Melinex** - Gegnsætt, 100% polyester efni fáanlegt í örkum, rúllum eða tilbúnum umslögum. Má bræða saman.

**Pappi** - Pappaspjöld í mismunandi þykkt, verða að vera sýrfrí.

**Polyestertroð** - Óofið fyllingarefni, má ekki innihalda límefni eða önnur aukaefni.

**Polyethylene svampur** - Til dæmis Ethafoam og Plastazote, til í mismunandi þykkt, stórar plötur sem skera má niður.

**Silkipappír** - Þunnur sýrfrír tissjúpappír í örkum eða á rúllu.

**Tyvek** - Óofið yfirbreiðsluefni, má þvo í vél, fánlegt á rúllum og í metratali.

Öll textílefni sem notuð eru á sýningum eða í geymslum í snertingu við safngripi þarf að þvo til að fjarlægja óæskileg aukaefni. Gott er að þvo efnin tvisvar í þvottavél við 60 gráður með engu þvottaefni. Ef sterk þvottaefni eða mýkingarefni hafa verið notuð nýlega í þvottavélinni þarf að hreinsa hana vel fyrir notkun. Lituð efni þarf að prufa fyrir notkun til að kanna hvort litur er fastur.

## 4. SÝNING TEXTÍLA Á SÖFNUM.

### 4.1.1 Húsnæði.

Sýningar þurfa að vera í vönduðu, vel einangruðu húsnæði, þar sem hægt er að stýra og ná stöðugleika í birtumagni, hita, raka og loftmengun.

### 4.1.2 Umhverfi.

#### LJÓS.

Textílar eru sérstaklega viðkvæmir fyrir skemmdum vegna of mikillar birtu. Ljós getur valdið niðurbroti í efnunum sjálfum og mörg litarefni upplitast hratt.



Útsaumuð mynd frá 1888, framhlið.



Útsaumúð mynd frá 1888, bakhlið.

Þegar áhrif ljóss á textíl- og litarefni eru metin verður að taka tillit til styrkleika ljóss og tíma sem ljósið fellur á gripinn. Ljósstyrkur er mældur með ljósmæli í einingunni lux.

50 lux í 100 klukkustundir gerir 5.000 lux klukkustundir

100 lux í 50 klukkustundir gerir 5.000 lux klukkustundir

Algengt viðmið fyrir textíla varðveitta á sýningum safna er um 130.000 lux klukkustundir á ári.

Best er að verja textíla alveg fyrir birtu þegar sýningar eru ekki opnar.

Nota má yfirbreiðslur úr tyvek eða bómullarefni ef unnið er í sýningarhúsinu utan opnunartíma. Ef textíll er komin yfir hámarks viðmið lux klukkustunda á árinu er æskilegt að taka hann af sýningunni og varðveita í myrkri það sem eftir er árs.

Útfjólublátt ljós er orkumest og skaðlegast textílum en það gagnast mannsauganu ekki til að sjá safngripi. Nauðsynlegt er að loka alveg á útfjólublátt ljós í dagsljósi og flúrljósum með filmum, síum, tjöldum eða hlerum.

#### HLUTFALLSLEGUR RAKI.

Textílar eru viðkvæmir fyrir skemmdum vegna raka. Ef raki er of mikill er hætta á myglu og litarefni upplitast hraðar. Sveiflur í raka eru sérstaklega skaðlegar lífrænum textílefum. Raki er mældur sem hlutfallslegur raki í prósentum. Best er að nota síritamæli sem mælir hitastig og hlutfallslegan raka og safnar upplýsingum allan sólahringinn yfir allt árið.

Æskilegt rakastig fyrir textíla er 55% hlutfallslegur raki +/- 5%.

#### HITASTIG.

Hár hiti eykur hraða efnafræðilegra breytinga sem geta valdið niðurbroti og upplitun lífrænna efna. Textílar varðveitast best við mjög lágt hitastig en taka verður tillit til gesta, gjarnan er miðað við 18-20 gráður í sýningarrýmum.

#### **4.1.3 Sýningarskápar og hirslur.**

Textíla er best að sýna bak við gler, plexigler eða önnur skaðlaus, gegnsæ efni til að verja gripina ryki, óhreinindum og snertingu gesta.



Sýningarskáp, borð, skúffur og ramar þurfa að vera úr skaðlausum efnum og nógu þéttir til að verjast ryki og annarri loftmengun. Textíla sem ekki eru sýndir í skápum eða öðrum hirslum þarf að yfirborðshreinsa reglulega, helst á 6 mánaða fresti. Því er mjög æskilegt að allir textílar á grunnsýningum og öðrum langtíma sýningum séu varðveittir í hirslum.

Minni textíla sem sýndir eru lausir í opnu rými er nauðsynlegt að festa og merkja vel að ekki megi snerta gripina. Hægt er að bora göt í sýningarborð, hillur og plötur og festa gripina með bómullarþræði.

#### **4.1.4 Merkingar.**

Merkingar sem eru við textílgrip í sýningarhirslum þurfa að vera úr sýrufríum og skaðlausum efnum. Ef margir gripir eru í sýningarskáp getur verið einfaldara að hafa númer við gripinn til dæmis á plexigleri eða pappaspjaldi sem vísar í ítarlegri upplýsingar á skáp, vegg eða í hefti sem safngestir geta lesið.

#### **4.1.5 Uppsetning sýninga.**

Gott er að leita upplýsinga og ráðgjafar sérfræðinga um fyrirbyggjandi forvörslu þegar undirbúningur sýningar hefst. Mistök við efnisval og uppsetningu safngripa er mun erfiðara að leiðrétta eftir að sýning hefur opnað. Ef skýrar leiðbeiningar og ráðgjöf eru til staðar frá upphafi ferilsins er nær alltaf hægt að finna lausnir sem skila svipuðu útliti en nota skaðlaus efni og veita réttan stuðning við lag textíllana.

Textílar geta verið mjög fljótir að skemmast ef þeir eru rangt settir upp til dæmis aflagast eða rifna og ef birta er of sterk geta þeir upplitast á mjög stuttum tíma. Það verður því að vanda til verka þó sýning standi stutt. Mjög æskilegt er að skipta út textílum reglulega

grunnsýningum og hvíla viðkvæma safngripi.

Nagla og títuprjóna á aldrei að nota til að hengja upp textíla, þeir geta ryðgað og göt komið í efnið. Ef gripir liggja beint á við eða máluðum við er nauðsynlegt að setja einangrandi efni á milli. Nota má bómullarefni, Tyvek, Melinex, sýrufrían pappa eða silkipappír. Sömu efni má nota til einangrunar ef textíll er til sýnis ofan á öðrum grip til dæmis kistu eða stól.

Textíla á ekki að sýna beint á gólfi sýningarsala, hætta er á alvarlegum skemmdum ef þeir blotna til dæmis ef það flæðir, vökvi hellist niður eða þegar gólf eru þrífín. Skemmdir gripa eru mun líklegri með mikilli meðhöndlun og því mjög slæmt ef færa þarf safngripi til í hvert sinn sem gólf eru þrífín.

#### **4.2.1 Klæðnaður og búningar.**

Fólk á aldrei að klæða sig í búninga eða föt sem varðveitt eru á söfnum og sýna þau þannig.


Fatnaður er yfirleitt þrívíður og þarf því viðeigandi stuðning til að afmyndast ekki og til að fellingar eða brot myndist í ekki í efninu. Alklæðnað og búninga má sýna á gínum en stakar flíkur á sérútbúnum formum.

#### **BÚNINGAGÍNUR.**

Rifinn, götótta eða slitinn fatnað er ekki hægt að sýna á gínum, mikil hætta er á að efnið rifni meira. Gínur henta ekki fyrir þrjú eða heklú föt og ekki heldur fyrir klæðnað með miklu, þungu skrauti til dæmis perlum eða pallíettum.

Tilbúnaðar gínur eru yfirleitt of stórar fyrir gamla búninga en þær er stundum hægt að nota í stuttar sýningar á nýlegum fatnaði. Síður og efnismikil fatnaður getur verið mjög þungur svo gína eða grind verður að vera nógu sterklega byggð til að bera búninginn.

Þegar ákveðið hefur verið að sýna klæðnað á gínu er byrjað á því að mæla flíkurinnar nákvæmlega sídd, hálsmál, mittismál og svo framvegis. Málin eru notuð til að velja, smíða eða útbúa gínu eða grind og til að gera bók og form inn í ermar og höfuðföt. Því fleiri og nákvæmari sem málin eru því minni meðhöndlun á gripnum sjálfum. Ef um er að ræða fatnað í viðkvæmu ástandi eða með flóknu sniði er gott að taka einnig pappírsmál eða gera eftirlíkingu til að minnka meðhöndlun enn frekar. Eftirlíkingar má gera úr ódýru bómullarefni.



Velja þarf gínu eða saumagínu sem er nógu lítil fyrir búningin eða smíða grind til dæmis úr viði eða plexigleri. Ef notuð eru efni sem eru mögulega skaðleg textílunum til dæmis viður er nauðsynlegt að einangra þau frá grip með álpappír.

Utan á gínuna eða grindina er gerður búkur úr polyestertroði og þéttofnu bómullarefni sem styður við lag fatnaðarins. Tímafrekt getur verið að fá búninginn til að fara vel á gínunni, ekki má vera of mikil fylling í búknum en hann þarf að styðja vel við efni og lag.

Form inn í ermar og höfuðföt má gera úr þéttofnu bómullarefni og polyestertroði. Gott er að hægt sé að losa form inn í ermar auðveldlega frá búknum þannig er auðveldara að klæða gínuna í og úr. Fyrir stuttar sýningar má nota silkipappír til að útbúa einföld form inn í ermar og höfuðföt.

Stundum þarf að klæða gínur í undirpils eða önnur undirföt svo ytra útlit og lag búninga frá ákveðnum tímabilum sé rétt. Ef ekkert sést í undirfatnaðinn á sýningunni er betra að sauma nýjar flíkur og varðveita þær upprunalegu í geymslu.

## FORM.

Sérsniðin bólstruð form henta vel til að sýna stakar flíkur til dæmis höfuðföt, vettlinga og skó.



Til að gera þrívíð form þarf að mæla gripinn nákvæmlega og oft er gott að taka einnig pappírssnið. Best er að nota þéttofið bómullarefni sem sauma má saman í vél á röngunni en skilja þarf eftir nógu stórt gat til að snúa megi réttunni út. Polyestertroðinu er svo troðið í formið og saumað fyrir í höndum.

### **4.2.2 Handverk.**

Minni gripir eiga að vera í skápum, borðum eða skúffum undir gleri eða plexigleri. Stærri flatir gripir í góðu ástandi geta hangið, helst bak við gler.



### FRANSKUR RENNILÁS.

Gott er að nota franskan rennilás til að hengja flata textíla upp. Grófi borðin er festur við vegg, lista eða plötu en fíni borðin er saumaður við borða og svo við safngripinn. Forvörð þarf til að sauma borðann við textílinn. Franskur rennilás veitir jafnan stuðning við efnið og er því betri en upphengi þar sem textílinn hangir uppi á stökum punktum.

Þegar notaður er franskur rennilás er einfalt er að hengja gripina upp, auðvelt að færa þá til ef hönnun sýningar breytist og fljótlegt að taka þá niður í neyðarástandi. Borðann má auðveldlega fjarlægja aftur af gripnum.

Útsaumaðar myndir koma stundum innrammaðar á söfn og má sýna í römmunum ef gler ver útsauminn. Gott er að athuga efni sem notuð hafa verið við innrömmun ef þau eru súr er æskilegt að skipta um og nota sýrufrí efni í staðin. Ef um er að ræða upprunalega innrömmun

þarf að meta sérstaklega hvað rétt er að gera og hversu skaðleg innrömmunarefnin eru textílunum.

#### **4.2.3 Hönnun.**

Fatnað má sýna á gínum eða formum, ábreiður er hægt að hengja upp með frönskum rennilás, smágripi er gott að sýna í sýningarborðum eða -skápum. Þung teppi og mottur má sýna á bólstruðu skafti sem fest er við vegg eða bak í sýningarskáp.

Leikbúninga má sýna á gínum eða formum. Leiktjöld eru yfirleitt máluð, ekki má sauma í gegnum málað lag á textílum. Nota má franskan rennilás til að hengja þau upp ef hægt er að sauma borðann við tjaldið án þess að sauma í gegnum málaða hlutann.

#### **4.2.4 Húsgögn.**

Húsgögn eiga ekki að standa á sýningargólfi heldur vera að lágmarki í 15 sm hæð frá gólfi. Æskilegt er að bólstruð húsgögn séu sýnd bak við gler sem ver þau fyrir ryki og öðrum óhreinindum ef það er ekki gert þarf að yfirborðshreinsa þau reglulega. Merkja þarf greinilega að ekki megi setjast í stóla og sófa.

Á sýningum sem ekki eru opnar allt árið er gott að nota yfirbreiðslur til að verja bólstruð húsgögn fyrir óhreinindum og birtu.





Gera má einfaldar yfirbreiðslur úr ólituðu, óbleikjuðu bómullarefni. Gott er að hafa sauma á réttu svo þeir nuddist ekki við safngrip.

#### **4.2.5 Myndlist.**

Myndlist gerða úr textílefnum þarf að yfirborðshreinsa reglulega ef hún er sýnd í opnu rými. Vefnað, veggteppi og aðra flata textíla má yfirleitt hengja upp með frönskum rennilás. Minni verk og skúlptúra er best að sýna í sýningarskápum. Þrívíð verk geta safnað í sig miklu ryki ef þau standa óvarin og því tímafrekt og stundum flókið að yfirborðshreinsa þau.

#### 4.2.6 Kirkjugripir.

Hempur er hægt að sýna á sérútbúnum búningagínum, þær eru efnismiklar og þungar svo gæta þarf að því að gínan sé sterkbyggð. Hökklar eru frekar flatir að gerð og geta því legið í sýningarborðum eða -skápum en taka þá mikið pláss.



Hökkla má einnig sýna á búningastandi. Fyrir gripi í góðu ástandi má búa til frekar einfaldan stand úr sérsmíðuðu bólstruðu herðatré á plexigler- eða viðarstandi. Ef gripurinn þarf meiri stuðning er hægt að smíða búningastand þar sem klæðið liggur á bólstruðum plötum.

Altarisklæði og aðra stóra flata kirkjutextíla má hengja upp með frönskum rennilás. Litla flata gripi til dæmis patínudúka er best að sýna í sýningarskáp eða -borði. Mítur og aðra minni þrívíða textíla er hægt að sýna á sérútbúnum formum úr þéttofnu bómullarefni með polyestertroði.

#### **4.2.7 Jarðfundnir textílar - forngripir.**

Efnisbútar og aðrir flatir gripir geta legið í sýningarborðum, -skúffum og -skápum. Höfuðföt, skó, vettlinga og aðra þrívíða gripi má sýna á formi úr polyestertroði og þéttofnu bómullarefni. Ef gripir eru í viðkvæmu ástandi er ekki gott að sýna þá á þrívíðu formi, betra er að leyfa þeim að liggja með lítilli bólstrun sem kemur í veg fyrir að brot myndist í efninu.

## **5. GEYMSLA OG PÖKKUN TEXTÍLA Á SÖFNUM.**

### **5.1.1 Húsnæði.**

Safngeymslur héraendis eru sjaldnast í sérhönnuðu húsnæði. Víða er um að ræða bráðabirgðahúsnæði sem stundum er notað árum eða áratugum saman meðan beðið er eftir úrbótum. Það er engu síður nauðsynlegt að ganga vel frá safngripunum og yfirleitt er hægt að flytja hirslur, kassa og önnur pökkunarefni í nýtt varðveisluhúsnæði.

Húsnæði sem geymir safnkost þarf að vera vandað og vel einangrað til að hægt sé að halda hita- og rakastigi stöðugu einnig þarf að vera hægt að loka á alla dagsbirtu. Aðgengi að textílum þarf að vera gott og öruggt fyrir starfsmenn og safngripi.

Geymslur þarf að hreinsa vel að lágmarki einu sinni á ári. Gott er að nota ryksugur, bursta, pennsla og þurra klúta til að hreinsa ryk og önnur óhreinindi. Hreinsa þarf vel hillur, skápa og undir og bak við allar hirslur.

Nauðsynlegt er að hafa vinnuðaðstöðu í eða nálægt geymslu til að vinna við pökkun, merkingar safngripa og fleira. Gott er að hafa stórt vinnuborð til að pakka ábreiðum, áklæðum og búningum.

### **5.1.2 Umhverfi.**

Í geymslu á að vera algjört myrkur þegar ekki er verið að vinna í rýminu. Ef mikið er unnið í geymslunni er gott að breiða yfir þá textíla sem ekki eru varðir fyrir birtu í umbúðum eða hirslum. Nauðsynlegt er að loka alveg á dagsljós og útfjólublátt ljós í flúrljósum.

Mikilvægt er að halda hitastigi og hlutfallslegum raka stöðugum. Textílar varðveitast vel í kulda þannig að hitastig í geymslum má vera mjög lágt ef starfsmenn eyða litlum tíma þar. Gott er að hlutfallslegur raki sé um 55% +/- 5%. Mæla þarf og fylgjast með breytingum, á hitastigi og hlutfallslegum raka, með síritamælum yfir allt árið.

### **5.1.3 Hirslur.**

Gott er að varðveita textíla í vel þéttum skápum, hengjum, skúffum eða hillum úr skaðlausum efnum. Vandaðar hirslur verja safngripi fyrir ryki, óhreinindum og ljósi. Hillur eru góð hirsla fyrir kassa í ýmsum stærðum, gæta þarf að því að aðgengi fyrir starfsmenn sé gott og bil milli hillurekka sé nóg til að ekki þurfi að halla stórum búningakössum mikið þegar þeir eru settir í eða teknir úr hillunum. Grunnar skúffur geta verið mjög gagnlegar til að geyma hökla, dúka og aðra stóra flata textíla.

Föt og búninga er hægt að geyma hangandi á slá eða pakka gripunum í kassa. Á söfnum þar sem nokkuð mikið er til af klæðnaði er hægt að geyma svipað magn í sama plássi hvor leiðin sem er farin. Þar sem mjög lítið er til af búningum tekur minna pláss að pakka þeim í kassa. Hengi eða skápa með slá þarf til að hengja klæðnað upp á herðatrjám en stórar hillur þarf til að varðveita búningakassa.

### **5.1.4 Meðhöndlun.**

Við meðhöndlun textíla þarf að vera með hanska eða hreinar, þurrar hendur. Bómullarhanska þarf að þvo eftir notkun annars er hætta á að bera óhreinindi milli gripa. Hanskana má þvo í þvottavél án þvottaefnis eða með mjög litlu, mildu þvottaefni án aukaefna.

Best er að meðhöndla textíla sem allra minnst en skemmdir á safngripum verða gjarnan við meðhöndlun starfsmanna. Minni gripi má bera á spjöldum til dæmis úr sýrufríum pappa eða í kössum og gott er að nota hjólaborð til að flytja gripi lengri vegalengdir.

Mikilvægt er að fara ekki á stað með safngrip án þess að vita að leið á áfangastað er greið og autt, hreint, nógu stórt pláss til að leggja hann frá sér þegar þangað er komið. Þegar textílar eru fluttir milli húsa er gott að pakka þeim í kassa eða nota yfirbreiðslur. Stóra eða þunga gripi þarf 2 starfsmenn til að flytja og stundum þann þriðja til að opna hurðir og tryggja að leiðin sé greið.

#### **5.1.5 Merkingar.**

Merkingar á að vera hægt að fjarlægja en þær þurfa að vera vel og örugglega festar við textíla svo þær tynist ekki. Gott er að merkja samskonar gripi á sama stað til dæmis klæðnað aftan í hálsmáli, flata textíla neðst í vinstra horni á röngu og svo framvegis. Æskilegt er að hafa skýrar, skriflegar reglur um staðsetningu merkinga á safngripum og hengja þær upp til dæmis við vinnuborð og hirslur í geymslum.

Samræmi í staðsetningu auðveldar starfsfólki að finna merkingarnar og minnkar því meðhöndlun gripa. Merkja þarf hvern textíl fyrir sig ef hætta er á að gripir með sama safnnúmeri verði viðskila til dæmis sokkapör og vettlingar.

Alls ekki má nota tituprjóna, öryggisnælur, hefti eða brévaklemmur til að festa merkingar við textíla. Gat eða far myndast auðveldlega í textílunum og ef rakastig breytist getur málmurinn ryðgað og smitast í

efni gripsins.



Gott er að skrifa safnnúmer og aðrar merkingar á bendlabönd með varanlegu bleki og sauma svo bandið við textílinn með bómullartvinna, ekki binda hnút á þráðinn, saumið frekar 2-3 spor hvert ofan í annað til að koma í veg fyrir að saumurinn rakni upp. Saumið síðan bendlabandið við textílinn þannig að sem minnst sé saumað í gripinn sjálfan en þó nógu þétt til að merkingin losni ekki af.

#### **5.1.6 Pökkun í kassa.**

Þegar textílum er pakkað í kassa er gott að hafa í huga að aðrir sem ekki þekkja til safngripanna, gætu pakkað upp úr honum. Best er að hafa þyngstu gripina neðst í kassanum en þá léttustu og viðkvæmustu efst. Æskilegt er að pakka textílunum þannig að mikilvægasti hlutinn sjáist fyrst til dæmis útsaumur á sængurveru.

Merking gripa þarf að vera sýnileg þegar skoðað er í kassann ef hverjum grip er pakkað inn í silkipappír er gott að merkja pappírinn með safnnúmeri sem skrifað er með blýanti. Merkja þarf kassann greinlega með blýanti, best er að skrá gripi og safnnúmer í sömu röð og þeim er pakkað í kassann. Það er að efsta númerið á kassanum eigi við þann grip sem er efstur í kassanum. Merkja þarf bæði kassalok og kassa ef kassi er í tvískiptur.

Gott er að merkja kassa og yfirbreiðslur með myndum af innihaldinu. Þetta á sérstaklega við um gripi sem þarfnast umtalsverðrar meðhöndlunar til að skoða til dæmis búningar í kössum og ábreiður á hólkum.



### **5.2.1 Klæðnaður og búningar.**

Meta þarf hvort koma eigi upp hangandi búningageymslu eða nota hillur og kassa. Nota þarf yfirbreiðslur eða lokaða skápa ef fötin hanga en stóra kassa og gott hillupláss ef þeir eiga að liggja flatir. Það mega ekki allir gripir hanga þannig að alltaf þarf að pakka eitthvað af fatnaði í kassa.

#### HANGANDI GEYMSLA.

Klæðnaður má ekki hanga of þétt á slá, þjóðbúningar og annar fyrirferðamikill fatnaður þarf um 10 sm pláss á slánni, þunnur einfaldari fatnaður getur verið nokkuð þéttar en þó þannig að auðvelt sé að hengja hann upp og taka af slánni án þess að koma við aðra safngripi.

Prjónaðir og heklaðir textílar eiga aldrei að hanga á herðatrjám í safngeymslu. Það teygist á efninu og það getur afmyndast varanlega, hætta er á að það rifni og það myndist göt. Varðveita má gripina í kössum eða skúffum. Best er að gripirnir liggi sem flatastir og minnst samanbrotnir. Stórum flötum textílum má vefja utan um hólk en þá þarf að hafa þykka, mjúka einanagrun á milli laga svo áferð og munstur í prjóninu þrykkist ekki í næsta lag. Nota má bómullarvatt klædd þéttofnu bómullarefni milli laga.

Á söfnum hérlendis er frekar lítið af fatnaði skreyttum perlum eða öðru ásaumuðu skrauti en hann má ekki hanga í geymslu. Perlur, pallíettur og annað ásaumað skraut getur verið þungt sem veldur álagi og mögulega sliti í grunnefninu. Gott er að pakka þessum gripum vandlega inn þar sem skrautið getur verið laust og viðkvæmt.



### BÓLSTRUÐ HERÐDATRÉ.

Best er að nota viðarherðatré sem hægt er saga af til að fá rétta stærð eða sérsníða fyrir mjög stórar eða óvanalegar flíkur. Plasterðatré geta gefið frá sér skaðleg efni og aldrei á að nota vírherðatré fyrir safngripi þau veita nær engan stuðning, bogna og aflagast auðveldlega og geta ryðgað ef breytingar verða á rakastigi. Viðarherðatréið er klætt með álpappír og svo bólstrað með poyestertroði og bómullarefni.

Æskilegt er að sníða hvert herðatré að ákveðinni flík. Gæta þarf að því að nota ekki tré sem eru of mikið bólstruð fyrir gripinn, þá er hætt á aflögun og sliti í efninu. Yfirbreiðslur eða poka utan um búninga er gott að gera og merkja þá umbúðirnar með mynd til að koma í veg fyrir óþarfa meðhöndlun. Ef um að ræða safn af mörgum svipuðum flíkum með einföldu sniði til dæmis einkennisfatnað má gera mikið af bólstruðum herðatrjám og yfirbreiðslum með sama sniði.



### PÖKKUN BÚNINGA Í KASSA.

- 1) Veljið kassa fyrir fötin sem á að pakka. Best er að kassinn sé svo stór ekki þurfi að brjóta flíkurnar saman.
- 2) Klæðið kassann með silkipappír.

3) Setjið fyrstu flíkina í kassann gott er að hafa flata og þunga textíla í botni kassa.

4) Setjið örki af silkipappír milli allra gripa.

5) Pakkið þrívíðari fatnaði ofarlega í kassanum, bólstrið öll brot og styðjið við lag til dæmis erma, með silkipappír.

6) Hafið örki af silkipappír efst í kassanum.

7) Merkið kassa og lok vandlega með blýanti. Skráið númer þess grips sem er efstur í kassanum fyrst og svo framvegis. Best er að merkja umbúðir með myndum af innihaldinu til að minnka meðhöndlun.

Slifsi og slæður getur verið gott að veja utan um pappahólka til að þurfa ekki að brjóta þau saman og pakka svo í kassa. Best er að nota sýrufríða pappahólka en ef þeir eru ekki til má einangra grip frá pappa með álpappír. Réttu textíla á að snúa út þegar þeim er vafið utan um hólki. Gott er vefja silkipappír utan um hólkin allavega tvisvar áður en gripurinn er vafinn utan um, silkipappír á að vera milli laga og utan um textílinn.

Ull gefur frá sér brennistein og því óæskilegt að varðveita ull og silfur saman. Þjóðbúningar eru oft skreyttir silfri og útsaumi gerðum með málmþræði og þá verður vitaskuld að geyma þessi efni saman. Belti, nælur og annað laust búningaskart á að pakka sér og má geyma í kössum með silkipappír. Gott er að nota mjög langa kassa fyrir beltin til að þurfa ekki að brjóta þau saman.

Títuprjóna og nælur sem stundum finnast í fatnaði og höfuðfötum er best að fjarlægja og varðveita í Melinexumslögum eða silkipappír með safngripnum eða vandlega merkt í öðrum kassa.

### **5.2.2 Handverk.**

Minni tví- og þrívíða gripi er gott að pakka í kassa með silkipappír.

Stóra flata textíla til dæmis teppi og áklæði er best að varðveita á pappahólkum sem geymdir eru á sköftum. Útbúa þarf stand fyrir sköftin annað hvort veggfastann eða gólfstandandi. Best er að nota sýrufríá pappahólka ef þeir eru ekki eru notaðir er nauðsynlegt að einangra hólk frá safngrip með álpappír.



Þegar textíllinn er vafinn utan um pappahólkinn á réttan að snúa út, silkipappír, Tyvek eða bómullarefni er gott að hafa á milli laga og utan um til að verjast ryki. Hólkurinn þarf að vera um 20 sm lengri en

gripurinn svo auðvelt sé að flytja og meðhöndla textílinn án þess að snerta hann. Best er að nota bendlabönd til að binda utan um hólkana, böndin er aðvelt að losa og nota aftur. Gott er að merkja með mynd og stærð til að lágmarka og auðvelda meðhöndlun.

### **5.2.3 Hönnun.**

Klæðnað má geyma á bólstruðum herðatrjám eða í kössum, ábreiður er gott að varðveita á hólk með bómullarefni, tyvek, silkipappír eða bómullarvatti milli laga. Minni tví-og þrívíða gripi er best að pakka í kassa með silkipappír.

Textílar til dæmis ábreiður og fatnaður eru stundum geymdar í upprunalegum umbúðum. Mikilvægt er að varðveita umbúðirnar en þær eru sjaldan hentugar sem pökkun fyrir safngripinn, hvorki hvað varðar efni né lag. Oftast er betra að geyma umbúðirnar sér til dæmis ef þær eru gerðar úr plasti eða pappír sem geta haft skaðleg áhrif á textílefnin. Sumar gerðir umbúða þurfa stuðning við lag ef innihaldið er fjarlæggt. Þá er mikilvægt að nota viðeigandi efni til dæmis silkipappír eða sérútbúin form úr polyestertroði og bómullarefni.

### **5.2.4 Húsgögn.**

Húsgögn eiga ekki að standa á geymslugólfi. Ef þau komast ekki í hillur eða skápa er æskilegt að geyma þau á brettum eða pöllum að lágmarki 15 sm háum. Gott er að nota yfirbreiðslur til að verja bólstruð húsgögn sem ekki eru varðveitt í hirslum. Best er að nota sérsniðnar yfirbreiðslur fyrir hvern grip.

Um miðja 20.öld var algengt að nota svamp úr polyether polyurethane við bólstrun húsgagna. Á söfnum hérlendis hefur komið upp vandamál

vegna þessa svamps, hann er byrjaður að brotna niður og heldur áfram að brotna niður vegna innbyggðra eiginleika. Þetta breytir útliti safngripanna sem missa lögun og áklæðið þokar. Best er að geyma þessi húsgögn saman í geymslu og einangra þau frá öðrum gripum eftir því sem hægt er vegna útgufunar óæskilegra efna. Ekki er gott að nota yfirbreiðslur þar sem mikilvægt er að það lofti vel um skemmda svampinn.



### **5.2.5 Myndlist.**

Í geymslum listasafna eru oft skápar eða myndarekkar sem henta vel til að geyma vefnað, veggteppi og aðra tvívíða textíla. Gott er að gera yfirbreiðslur til að verja gripina ryki og ljósi og æskilegt er að merkja yfirbreiðslurnar með mynd til að lágmarka meðhöndlun. Þar sem slíkar

hirslur eru ekki, má varðveita stóra flata textíla á hólkum með einangrun milli laga eða liggjandi í hillum með undirlagi og yfirbreiðslu. Þoka má sauma úr bómullarefni utan um stór þrívíð verk og gólfstandandi skerma. Minni tví- og þrívíð verk má varðveita í kössum með silkipappír.

### **5.2.6 Kirkjugripir.**

Höklar og hempur geta hangið á bólstruðum herðatrjám í geymslu. Sérsníða þarf viðarherðatré fyrir hökkla svo þau séu nógu stór og bólstra þau svo. Hökklar eru flatir að gerð og geta því eins legið í hillum, skúffum eða grunnum mjög stórum kössum ef pláss er í geymslunni. Patínudúka, stólur og aðra minni kirkjutextíla má pakka í kassa með silkipappír. Gott er vefja stólum utan um hólk í kassanum svo ekki þurfi að brjóta þær saman.


Altarisklæði geta legið í hillum, skúffum eða kössum með bólstrun úr silkipappír ef nauðsynlegt er að brjóta þau saman. Skreytingar á altarisklæðum geta verið þykkar og ósveigjanlegar og þá er mikilvægt að sá hluti klæðisins, yfirleitt miðjan, liggi flatur. Altarisklæði og dúka úr þynnri efnum má vefja utan um hólk.

### **5.2.7 Jarðfundnir textílar - forngripir.**

Forngripir úr textíl eru oft of viðkvæmir eða smáir til að merkja þá með borða sem saumaður er við gripinn eða miða sem festur er með þræði. Gott getur verið að hafa lítinn pappírsmiða með safnnúmerinu í pakkningunni með textílum, þó svo miðinn sé ekki festur við gripinn sjálfan. Nota skal sýrufriann pappír og skrifa númerið með blýanti.



Jarðfundnum textílum má pakka í kassa með silkipappír en þá þarf að gæta þess að merkja silkipappírinn vel og að merkingar ruglist ekki ef verið er að skoða marga gripi í einu. Betra er að nota litla kassa þegar verið er að pakka miklu magni af textílbútum en að setja mjög marga gripi í sama kassa. Meiri hættu er á að merkingar ruglist og gripir skemmist ef mjög margir textílar eru í sama kassanum.



Ef forngripirnir er mjög viðkvæmir eða þrívíðir að gerð er gott að varðveita þá á útskornum bökkum í kössum. Notaðu má Correx eða sýrufrían pappa sem botn í bakkana og skera út hólf í polyethylene savmp fyrir hvern grip, gott er að hafa sérsniðna örk úr Melinex undir hverjum grip til að auðvelda meðhöndlun.

Stærð bakkanna fer eftir stærð kassa sem textílarnir verða geymdir í. Gott er að taka snið af hverjum grip í pappír eða Melinex, hólfíð þarf að vera að lágmarki 1 sm stærra en gripurinn sjálfur á allar hliðar. Sniðin má nota til að raða saman á bakkanum til að nýta hvern bakka sem best. Merkja þarf greinilega hvaða gripur er í hvaða hólfí bæði á kassanum og á sérblaði.

## **6. Efni til þökkunar og uppsetningu textíla:**

Kassar, Melinex, pappi, pennar, polyetylene savmpur, silkipappír, Tyvek:

### **Arkivprodukter**

Nansengate 32  
2319 Hamar  
Noregur  
Sími: 00 47 926 51375  
[www.arkivprodukter.no](http://www.arkivprodukter.no)

Hanskar, kassar, Melinex, merkimiðar, pappi, polyetylene svampur, silkipapír, sýningarskápar, Tyvek:

### **Conservation by design**

5 Singer way  
Wolburn Road Industrial Estate  
Bedford MK42 7AW  
England  
Sími: 00 (01234) 846300  
[www.conservation-by-design.co.uk](http://www.conservation-by-design.co.uk)

Plexigler, sérmíðað:

### **Fást**

Köllunarklettsvegi 4  
104 Reykjavík  
Sími: 559 6677  
[www.fast.is](http://www.fast.is)

Kassar, Melinex, merkimiðar, pappahólkar, pappi, silkipappír, Tyvek:

### **Hvítlist**

Krókhálsi 3  
110 Reykjavík  
Sími: 569 1900  
[www.hvitlist.is](http://www.hvitlist.is)

Pappi, silkipappír, Tyvek:

**Í réttum ramma**

Skútuvogi 12f  
104 Reykjavík  
Sími: 588 0521  
[www.irettumramma.is](http://www.irettumramma.is)

Sérsniðnir kassar:

**Klug - Conservation**

Badevej 9  
D-87509  
Innenstadt  
Pýskaland  
Sími: 00 49 (0) 8323 965330  
[www.klug-conservation.com](http://www.klug-conservation.com)

Hanskar, kassar, Melinex, merkimiðar, pappahólkar, pappi, silkipappír, Tyvek:

**Museumstjenesten**

Sjörupvej 1  
Lysgaard  
8800 Viborg  
Danmörk  
Sími: 00 45 866 67666  
[www.museumstjenesten.com](http://www.museumstjenesten.com)

Bendlabönd, kassar, Melinex, merkimiðar, merkipennar, polyestertroð, polyethylene svampur, silkipappír, Tyvek:

**Pel**

Vinces Road  
Norfolk IP22 4HQ  
Englandi  
Sími: 00 44 (0) 1379 647400  
[www.preservationequipment.com](http://www.preservationequipment.com)

Pappi, merkipennar:

**Penninn**

Álfheimum 74 og víðar  
104 Reykjavík  
Sími: 540 2000  
www.penninn.is

Bendlabönd, bómullarefni, franskur rennilás:

**Rúmfatalagerinn**

Skeifan 13 og víðar  
108 Reykjavík  
Sími: 568 7499  
www.rumfatalagerinn.is

Bendlabönd, franskur rennilás, hanskar, kassar, Melinex (Mylar í Bandaríkjunum), merkimiðar, merkipennar, pappi, pappahólkar, polyetylene svampur, sérsniðnir kassar, silkipappír, Tyvek:

**Talas**

330 Morgan Avenue  
Brooklyn NY 11211  
Bandaríkin  
Sími: 00 1 212 219 0770  
www.talasonline.com

Bendlabönd, bómullarefni, bómullarvatt, franskur, rennilás, polyestertröð:

**Virka**

Mörkinni 3  
108 Reykjavík  
Sími: 568 7477  
www.virka.is

Bendlabönd, bómullarefni, franskur rennilás:

**Vouge**

Síðumúla 30/Hofsbót 4  
108 Reykjavík/600 Akureyri  
Sími: 533 3500/462 304  
[www.vouge.is](http://www.vouge.is)

Bómullarefni, bómullarvatt, polyestertroð:

**Whaleys**

Harris Court  
Great Horton  
Bradford  
West Yorkshire BD7 4EQ  
England  
00 44 (0) 1274 576 718  
[www.whaleys.co.uk](http://www.whaleys.co.uk)

## Heimildaskrá.

CASSAR, M. 1994.  
Environmental Management: Guidelines for Museums and Galleries.  
London: Routledge/Museum and Galleries Commission.

ELSA E. GUÐJÓNSSON. 2008.  
Íslenskur útsaumur.  
Kópavogur: Elsa E. Guðjónsson.

Gunnar Kristjánsson. Ritstjóri. 1993.  
Höklar. "Íklæðist hinum nýja manni".  
Reykjavík: Kikjulistarnefnd.

HARRIS, J. Ritstjóri. 1993.  
5000 Years of Textiles.  
London: The British Museum Press.

LADBURY, A. 1985.  
Fabrics.  
London: Sidwick & Jackson.

LANDI, S. 1992.  
The Textile Conservator's Manual. (Second Edition).  
Oxford: Butterworth-Heinemann.

LISTER, A. 1997.  
Making the most of mounts: expanding the role of display mounts in the preservation and interpretation of historic textiles. Í: Preprints of a Conference Textile Symposium, Fabric of an Exhibition: An Interdisciplinary Approach. Ottawa, September 22-25, 1997.  
Ottawa: CCI, 143-148.

ROBINSON, J., PARDOE, T. 2000.  
An Illustrated Guide to the Care of Costume and Textile Collections.  
London: Museum & Galleries Commission.

SCHOESER, M. 2003.  
World textiles. A Concise History.  
London: Thames & Hudson Ltd.

TÍMÁR-BALÁZSY, Á. & EASTOP, D. 1998.  
Chemical Principles of Textiles Conservation.  
Oxford: Butterworth-Heinemann.

THOMSON, G. 1986.  
The Museum Environment.  
Oxford: Butterworth-Heinemann.

UDALE, J. 2008.  
Textiles and Fashion.  
Lausanne: AVA Publishing SA

WOOD, J. 2001.  
A guide to Accurate measuring. From figure to fashion.  
Surrey: Historic Royal Palaces